



Stjórnarfundur SÍSL – Fundargerð
4.fundur 2011, símafundur 18.febrúar 2011 kl.8:15

Þátttakendur; Jóhann Morávek formaður, Eggert Björgvinsson gjaldkeri, Halldór Sighvatsson ritari, Daði Þór Einarsson meðstj., Karen Sturlaugsson meðstj., Lárus Halldór Grímsson meðstj. og Jóhann Ingvi Stefánsson Tónlistarskóla Árnesinga.

	Áb.
Sækja um styrki v/landsmóts bæði hjá Barnamenningar sjóð og Menningarráði suðurlands(sunnanmenning). Hver sækir um styrkina SÍSL eða Tónlistarskólinn? Jóhann Stefánsson talar um það við Menningarráð.	EB-JM-JIS
V/Landsmóts á Selfossi kom eftirfarandi fram hjá JS. Fáum allan Vallaskóla en þar hafa allt að 450 manns gíst. Æfingaaðstaða er í íþróttahúsi, sal skólans, í tónlistarskólanum og víðar ef þarf.	
Ath. Með að bóka Ingó og Veðurguðina á ballið	JIS
Búið að útvega frítt í sund fyrir mótsgesti	
Vegna verkefnavals þá voru nefnd; Brennið þið vitar e.Pál Ísólfsson, Ölfusárbrúin e.Helga Helgason, Vormenn Íslands e.Ísólfr Pálsson, Ljósar Nætur e.Loft S.Loftsson	
Fundarmenn lýsa yfir fullum stuðningi og trausti við Jóhann vegna áframhaldandi undirbúnings á landsmóttinu.	
Karen upplýsti um fundi Nótna/útsetninga-nefndar . Hafa haldið góða, gagnlega og skemmtilega fundi. Hafa rætt að skipta úts. getulega í forstígg, a,b,c og d. Þau hafa líka rætt hvernig stækka má markaðinn f.útsetningarnar og óska eftir fundi vegna mögulegs samstarfs Íslenskrar tónverkamiðstöðvar, SÍL og SÍSL. LHG lagði til að SÍSL fái prósentur sem upphaflegur verkkaupi. Þá hafa þau einnig hug á að koma eldri útsetningum SÍSL á PDF form.	
LÆ, rætt var um mögulega stjórnendur og nefnd voru nöfn; Daníel Bjarnason, Guðmundur Óli Gunnarsson, Kjartan Óskarsson, Rúnar Óskarsson, Brjárn Ingason, Robert Darling, Alberto Porro Carmona og Kaldo Kiis.	JM-EB-HS
Vegna verkefnavals var ákveðið að allir myndu leggja höfuðið í bleyti og skoða/leita að efni. Ákveðið var að Suite Arktica II e.Pál P.Pálsson verði spiluð. Veltum fyrir okkur hvort að „uppeldislega“ ætti verk e.J.P.Sousa að vera á dagskrá og fleira í þeim dúr.	Allir
Tala við Inga Garðar og Áka hvort þeir eru með eitthvað í pípunum eða „á lager“.	KS
EB leggur til að næsti aðalfundur samtakanna verði haldinn á Selfossi til þess að fólk taki daginn frá og sé ekki hlaupandi í burtu áður en fundi er lokið og eins t.þ.a. við getum skoðað aðstæður v/landsmótsins.	
Ítreka/kynna það að sveitir innan SÍSL geta fengið afnot af verkum sem flutt hafa verið á landsmótum og eru í eigu samtakanna.	
Athuga og yfirfara hvort allt er að fullu uppgert vegna landsmótsins í Mosfellsbæ	EB-DÞE
Áframsenda upplýsingar sem bárust frá Össuri um mót í þýskalandi	HS

Fundi slitið kl.10:22

Sign.

Halldór Sighvatsson